

## Fundur um Safnahúsið 11. desember 2015

Fundurinn var haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum og hófst hann kl. 9 í húsnæði Minjasafns.

Mætt voru frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Bára Stefánsdóttir. Fulltrúar frá Minjasafni Austurlands voru: Marianna Jóhannsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Safnahúsið og skuldbinding Fljótshéraðs vegna Laufskóga 1

Fundarmenn ræddu ósk bæjarráðs um breyttan framkvæmdatíma til að uppfylla samning sem gerður var samhliða sölu á Safnahúsinu um að Fljótshérað verji 30 millj. til viðhalds og endurbóta á húsinu á árunum 2014 og 2015.

#### 2. Heimsókn fulltrúa Fljótshéraðs

Björns Ingimarssonar bæjarstjóri og Gunnar Jónsson formaður bæjarráðs sátu fundinn undir þessum lið. Þeir kynntu yfirlit yfir viðhald og endurbætur í Safnahúsi 2014-2015 og greindu frá viðræðum við ríkið um fjárveitingu til að klára að byggja burst 2.

#### 3. Bókun fundarins

Eftirfarandi bókun var samþykkt af fulltrúm Minjasafns og Héraðsskjalasafns á fundinum:

*Fundurinn fagnar áformum um að ráðist verði í að ljúka við burst 2 í Safnahúsinu og leggur áherslu á að húsnæðið verði fullklárað og komist í notkun fyrir árslok 2017.*

*Fundurinn samþykkir að framkvæmdatími vegna samnings um 30 millj. kr. faglag til endurbóta og viðhalds á árunum 2014-2015 verði framlengdur til áranna 2016-2017. Þó með fyrirvara um að hve miklu leyti hann hefur verið uppfylltur fram að þessu sbr. Viðhaldsáætlun Fljótshéraðs 2014-2015 sem vísað er til í kaupsamningi dags. 30.1.2014. Því óskar fundurinn eftir nánari sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta í Safnahúsi á árinum 2014 og 2015.*

*Farið er fram á að sem fyrst verði brugðist við lekavanda í húsinu óháð því hvenær ráðist verði í að klára burst 2. Auk þess verði loftrásikerfi breinsað sem fyrst enda ógnar ástandið heilsu starfsfólks og gesta.*

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 11:45.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]  
Ragnhildur Indriðadóttir [sign.]  
Bára Stefánsdóttir [sign.]  
Marianna Jóhannsdóttir [sign.]  
Elsa Guðný Björgvinsdóttir [sign.]